

**Rekstrarleyfi til fiskeldis**  
**Rekstrarleyfisnúmer:**  
**FE-1113 / IS-36121**  
**Arctic Sea Farm hf.<sup>1</sup>**

### 1. Rekstrarleyfishafi

Handhafi leyfis þessa er Arctic Sea Farm hf., kt. 700807-0450, Hafnarbakka 8, 425 Flateyri. Leyfið er gefið út af Matvælastofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Framsal, leiga og veðsetning á rekstrarleyfi til fiskeldis er óheimil án samþykkis Matvælastofnunar, sbr. 17 gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Tilkynna skal Matvælastofnun um breytingar á eignaraðild. Verði verulegar breytingar á forsendum fyrir rekstri fiskeldisstöðvar, s.s. er varðar eldistegund eða eldisaðferðir skal sækja um rekstrarleyfi að nýju.

### 2. Leyfileg framleiðsla

2.1 Með vísan til 7. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi heimilar Matvælastofnun hér með Arctic Sea Farm hf., að stunda eldi á laxi og regnbogasilungi í sjókvíum í Skötufirði, þar sem heimilt er að framleiða allt að 200 tonnum árlega. Ársframleiðsla er miðuð við almanaksár. Eingöngu er heimilt að ala þær tegundir, sem tilgreindar eru í rekstrarleyfi.

2.2 Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar.

2.3 Uggaklippa skal 10% útsettra laxaseiða og skal seiðunum dreift eftir fremsta megni jafnt í kvíar eldisstöðvarinnar.

2.4 Framleiðendur laxahrogna er skylt að varveita í gagnagrunnum erfðaeftirfarir eldislax þannig að hægt sé á hverjum tíma að rekja uppruna laxfiska sem sleppa úr kvíum eða veiðast síðar, m.a. ef óvissa ríkir um áhrif eldis á umhverfið. Gögn eða lífsýni af merktum eldisfiskum skulu send til Veiðimálastofnunar.

### 3. Staðsetning og búnaður

3.1 Staðsetning eldisstöðvar er í Skötufirði á svæði sem gildir í 200 metra radíus umhverfis GPS punkt þann sem tilgreindur er hér: **65°59.900'N-22°48.100'V**

Staðsetningu innan fjarðarins má sjá nánar á mynd í viðauka I. Rekstrarleyfishafa er óheimilt að draga sjókvíar með eldisfiski út fyrir starfssvæði eldisstöðvar.

Óheimilt er að losa eldisfisk af flutningatæki í sjókvíar eða aðrar eldiseiningar í sjó nema um sé að ræða fluting í eldisstöð sem hlotið hefur rekstrarleyfi Matvælastofnunar.

3.2 Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slyasleppinga sé staðsett á eldisvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem missir fisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu.

<sup>1</sup> Rekstrarleyfið var upphaflega gefið út fyrir Arctic Oddi ehf. Rekstrarleyfið hefur verið framselt á nýjan rekstraraðila sbr. heimild í 17. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og ákvæði 1 í rekstrarleyfinu.

**3.3** Nota skal búnað sem fullnægir kröfum Matvælastofnunar, notkun á innfluttum notuðum búnaði til eldisins er óheimill. Skrá skal allt fyrir byggjandi viðheld og fyrir hvern netpoka skal vera til staðar ferilskráning. Tæknilegar leiðbeiningar um merkingu fljótandi mannvikrja eru gefna út af Siglingastofnun og skal rekstrarleyfishafi fylgja þeim leiðbeiningum.

**3.4** Tæki sem notuð eru til flutnings á lifandi eldisfiskum skulu vera þannig gerð að auðvelt sé að þrifa þau og sótthreinsa og skulu þau ávallt þrífín að flutningi loknum. Auk þess skulu tækin sótthreinsuð ef hefja á flutning frá nýjum aðila.

Ef vatn er notað í landflutningum skulu flutningatækin þannig úr garði gerð að vatn geti ekki lekið út meðan á flutningunum stendur.

#### **4. Eftirlit**

**4.1** Matvælastofnun hefur eftirlit með fiskeldisstöðvum í samræmi við fyrirmæli laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Eftirlitið skal ná til rekstrar- og fiskeldispátta í starfsemi stöðvanna og þess að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin. Matvælastofnun hefur eftirlit með heilbrigði fiska og heilnæmi eldisafurða í samræmi við lög þar að lútandi.

**4.2** Til að Matvælastofnun geti framkvæmt eftirlit skv. 1. mgr. 14. gr. laga um fiskeldi skal rekstrarleyfishafi árlega gefa Matvælastofnun skýrslu um starfsemi sína. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um framleiðslumagn stöðvar, eldisrými, fõðurnotkun, birgðir af fiski, uppruna hans, sjúkdóma og önnur óhöpp í rekstri, svo og önnur þau atriði sem stofnuninni eru nauðsynleg til virks eftirlits samkvæmt lögum þessum. Þá skal færð dagbók um starfsemina í fiskeldisstöðvum samkvæmt reglugerð sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra setur. Matvælastofnun skal ætíð vera heimill aðgangur að eldisstöð og dagbók hennar.

#### **5. Innra eftirlit**

Forsvarsmaður fiskeldisstöðvar sem sér um daglegan rekstur skal hafa eftirlit með umhverfispáttum, heilbrigði og velferð lagardýra, þar með talið mannvirkjum og búnaði.

#### **6. Gildistaka**

Óheimilt er að flytja eldisfisk, seiði eða hrogn í fiskeldisstöð fyrr en rekstrarleyfi er fengið og að lokinni úttekt Matvælastofnunar. Markmið úttektar er að staðreyna eftir fõngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilmálum rekstrarleyfis. Miðað er við að úttekt hafi farið fram eigi síðar en einum mánuði frá útgáfudagsetningu leyfisins. Ef starfsemi er ekki hafin innan mánaðar frá útgáfu leyfisins má sækja um frestun á úttekt. Rekstrarleyfi þetta gildir í 10 ár frá útgáfudegi og gildir til **26. nóvember 2022**.

#### **7. Afturköllun**

**7.1** Ef fiskeldisstöð hefur ekki innan 24 mánaða frá útgáfu rekstrarleyfis hafið starfsemi er Matvælastofnun heimilt að fella rekstrarleyfi úr gildi. Sama gildir ef starfsemi fiskeldisstöðvar stöðvast í 24 mánuði.

**7.2** Matvælastofnun getur afturkallað rekstrarleyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laga þessara (nr. 71/2008 um fiskeldi) eða stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra. Einnig er heimilt að afturkalla leyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn skilyrðum rekstrarleyfis eða skilyrðum þess er að öðru leyti ekki fullnægt. Þá er og heimilt að afturkalla rekstrarleyfi ef leyfishafi verður ófær um að stunda rekstur og þegar eldisfiskur sleppur ítrekað frá fiskeldisstöð.

7.3 Rekstrarleyfið er einnig háð skilyrðum reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli ofangreindra laga.

### 8. Gjaldtaka

Fyrir eftirlit Matvælastofnunar eða faggiltra eftirlitsaðila á hennar vegum skulu fiskeldisstöðvar greiða árlegt eftirlitsgjald sem miðast við raunkostnað við eftirlitið samkvæmt gjaldskrá sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra staðfestir. Eftirlitsgjald skal innheimt með einni greiðslu á ári eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Matvælastofnun skal annast innheimtu eftirlitsgjaldsins. Ef eftirlitsgjald er ekki greitt á eindaga reiknast hæstu lögleyfðir dráttarvextir af fjárhæð þess frá gjalddaga til greiðsludags. Eftirlitsgjald má innheimta með fjárnámi.

### 9. Tryggingar

Rekstrarleyfishafi skal setja fram fullnægjandi tryggingu fyrir kostnaði við hreinsun á búnaði af eldissvæði komi til þess að starfsemi verði hætt. trygging þessi skal vera að upphæð kr. 2.500.000, - og skal hún liggja fyrir áður en starfsemi hefst. Tryggingin getur verið bankaábyrgð, váttrygging eða önnur trygging sem Matvælastofnun metur fullnægjandi. Matvælastofnun getur krafði leyfishafa um viðbótartryggingu síðar, telji stofnunin kostnað við hreinsun hafa aukist vegna verlagsþróunar eða vegna breytinga á búnaði leyfishafa.

Selfoss 22. febrúar 2016<sup>2</sup>

*Erna Karen Óskarsdóttir*

Erna Karen Óskarsdóttir  
Fagsviðsstjóri fiskeldis

<sup>2</sup>Rekstrarleyfi Arctic Odda ehf. var gefið út 26. nóvember 2012

